

6% vaxta frá 9. júní 1956 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marz 1958.

Nr. 133/1957. **Sigurður Magnússon Blöndal**

(Vilhjálmur Jónsson hrl.)

gegn

Símoni Sigmundssyni og gagnsök

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárárar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1957. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Honum hefur verið veitt gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi 6. þ. m. Gagnáfrýjandi gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum aðallega kr. 121.703.00, en til vara lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. maí 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Slys það, sem mál þetta er risið af, verður að nokkru rakið til gáleysis gagnáfrýjanda, sem lýst er í héraðsdómi. Hins vegar er eigi í ljós leitt, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt aðaláfrýjandi hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni um stjórn bifreiðar sinnar, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti

með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, og hljóti talsmaður hans þar af kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sigurður Magnússon Blöndal, greiði gagnáfrýjanda, Símoni Sigmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, og hljóti talsmaður hans, Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Telja verður, að gagnáfrýjandi eigi meginsök á slysi því, er í héraðsdómi greinir, með því að leggja hönd sína, eins og aðstæður voru, ofan á hliðstaur þann, sem hann var að leiðbeina aðaláfrýjanda um að rekast ekki á. Á hinn bóginn þykir ekki fyllilega í ljós leitt, að aðaláfrýjandi hafi gætt fullrar varúðar um að fylgjast með gagnáfrýjanda og beri aðaláfrýjanda því samkvæmt ákvæðum 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 að bæta gagnáfrýjanda tjón hans að hluta. Þykir eftir atvikum rétt, að aðaláfrýjandi bæti tjón þetta að $\frac{1}{5}$ hluta, en að öðru leyti beri gagnáfrýjandi það sjálfur.

Tjón gagnáfrýjanda er hæfilega metið í héraðsdómi, og verður dómsorð okkar samkvæmt framansögðu því þannig:

Aðaláfrýjandi, Sigurður Magnússon Blöndal, greiði gagnáfrýjanda, Símoni Sigmundssyni, kr. 20.000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. maí 1955 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og renni kr. 4000.00 af þeirri fjárhæð til talsmanns gagnáfrýjanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f. m., hefur Símon Sigmundsson, kennari og bóndi, Efra-Seli, Stokkseyrarhdeppi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. júní 1956, gegn Sigurði Magnússyni Blöndal, Ormsstöðum, Grímsnesi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 202.700.00 eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans, auk 6% ársvaxta frá 21. maí 1955 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi, sem fengið hefur gjafsókn í málinu, málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi fjárhæð stefnukröfunnar í kr. 121.703.00, en hélt fast við kröfu sína um vexti og málskostnað.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, X 203, var váttryggð hjá því váttryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 21. maí 1955 ók stefndi vöruflutningabifreið sinni X 203 að Sólheimum í Grímsnesi í því skyni að flytja þaðan farangur fyrir stefnanda, er þar hafði dvalizt um sinn. Er þangað kom, hugðist stefndi aka bifreiðinni aftur á bak í gegnum hlið eitt til að komast að farangrinum, en aðstæður til slíks voru allörðugar, þar sem hliðið var þröngt og sneri á ská að veginum, en bifreiðin breið og há skjólborð umhverfis bifreiðarpallinn, er torvelduðu útsýn bifreiðarstjórans. Er stefndi hafði gert eina árangurslausa tilraun til að aka í gegnum hliðið, kom stefnandi á vettvang og talaðist svo með þeim, að stefnandi leiðbeindi stefnda við aksturinn. Tók stefnandi sér stöðu vinstra megin við bifreiðina og lagði hægri hendi ofan á hliðstólpann þeim megin, en hliðstólpanir voru sívalir tréstaumar, steiptir í jörðu. Er stefndi ók bifreiðinni áfram, varð hægri vísifingur stefnanda á milli bifreiðarpallsins og hliðstólpans með þeim afleiðingum, að nema varð fingurinn brott.

Stefnandi skýrir svo frá, að svo hafi verið um talað milli stefnda og hans, að stefndi æki fyrst lítið eitt aftur á bak og skyldi stefnandi gefa honum merki, með því að rétta upp hendina, ef bifreiðin snerti hliðstólpann það mikið, að hætta væri á, að hann skemmdist. Kveðst stefnandi hafa tekið sér stöðu rétt aftan við vinstri aftur-

hjól bifreiðarinnar, lagt hægri hendi ofan á hliðstólpann, svo sem fyrr sagði, og horft fram með bifreiðinni. Hafi þá stefndi ekið áfram, í stað þess að aka fyrst lítið eitt aftur á bak, eins og um hafi verið rætt, en við það hafi þverbiti aftarlega á palli bifreiðarinnar lent á hliðstólpanum með fyrrgreindum afleiðingum.

Stefndi skýrir svo frá, að áður en slysið varð, hafi hann lítið aftur með bifreiðinni vinstra megin, en stýri hennar er þeim megin. Hafi hann ekki séð stefnanda og álitnið því, að hann stæði aftan við bifreiðina. Við nánari athugun á slysstaðnum síðar hafi hann þó komizt að raun um, að stefnandi hljóti að hafa staðið til hliðar við pallhorn bifreiðarinnar, þótt hann sæi hann ekki, er hann leit aftur með henni. Stefndi kveðst í fyrstu hafa ekið aftur á bak, svo sem um hafi verið talað, en svo lítið, að ekki sé víst, að stefnandi hafi veitt því athygli. Á hinn bóginn hafi sér orðið ljóst, er hann hóf að aka aftur á bak, að bifreiðin myndi rekast á hliðstólpann vinstra megin. Auk þess hafi sér heyrzt, að stefnandi kallaði upp og hafi hann haldið, að hann væri að vara sig við hliðstólpanum hægra megin, en stefndi kveðst hafa óttast, að bifreiðin rækist í hann. Af þessum sökum kveðst stefndi hafa ekið bifreiðinni áfram. Hafi hann lítið fram fyrir hana rétt um leið, en eigi gert stefnanda aðvart áður, þar eð hann hafi búizt við, að stefnandi stæði fyrir aftan bifreiðina.

Sjónarvottar voru engir að slysi þessu.

Stefnandi reisir kröfu sína í málinu á því, að stefndi hafi valdið slysinu með vangæzlu og stórkostlegu gáleysi. Beri hann því sem eigandi bifreiðarinnar fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að slysið hafi eingöngu orðið vegna vangæzlu stefnanda sjálfs. Vekur stefndi athygli á því, að hann hafi ekki grunað, að hann þyrfti að gæta þess sérstaklega, að stefnandi yrði ekki fyrir bifreiðinni, þar sem stefnandi hafi átt að leiðbeina honum við að aka í gegnum hliðið. Varakröfuna reisir stefndi á því, að ekki komi til mála að leggja á hann nema lítinn hluta sakar. Þá mótmælir hann kröfu stefnanda tölulega sem of hárrí og órökstuddri.

Telja verður, að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt gáleysi með því að leggja hendi sína ofan á hliðstólpann við þær aðstæður, sem þarna voru, að hann verði sjálfur að verulegu leyti að bera tjón það, sem af slysinu hlaut. Á hinn bóginn sýndi stefndi ekki þá varkárni, sem af honum mátti krefjast, þar sem hann ók áfram, án þess að gera stefnanda aðvart áður og gætti þess eigi heldur,

hvar við bifreiðina stefnandi stóð. Verður honum því einnig gefin sök á slysinu.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, þykir bera að fella á stefnda fébótaábyrgð að $\frac{1}{3}$ hluta á tjóni því, er stefnandi telst hafa beðið við slysið.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

- | | |
|------------------------------------|----------------|
| 1. Bætur fyrir atvinnutjón | kr. 101.703.00 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar og lýti — | 20.000.00 |

Samtals kr. 121.703.00

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landspítalann. Læknir sá, sem við honum tók þar, mun hafa talið, að þýðingarlaust væri að reyna að græða fingurinn. Var hann því numinn brott, svo sem fyrr sagði. Mun stefnandi hafa verið talinn vinnufær að nýju hinn 20. júní 1955.

Hinn 11. október 1955 var stefnandi skoðaður af Þórarni Sveinsyni lækni, er jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dagsettu 18. s. m., segir m. a. á þessa leið:

„Slasaði segist vera mjög kulvís á svæðinu, þar sem fingurinn hefur verið numinn burt, og stundum fær hann verk í svæðið og finnst hann þá vera í fingrinum, enda þótt hann sé farinn. Skoðun: Fremur grannholda maður. Skýrir greinilega frá atburðum og skilmerkilega. Við almenna athugun var ekkert sérstakt að athuga. — H. hendi: Vísifingur hægri hendar hefur verið numinn burtu rétt um efstu kjúkuliðamótin, og hefur aðeins verið numið af miðhandarbeinhausnum, til þess að fá fallegra lag á hnúann. Það sést marka fyrir örinu, sem er slétt, og ber lítið á því framan í endanum. Nokkur þroti virðist aðeins vera í miðhandarbeinhausnum ennþá og er húðin einnig nokkuð rauðari en eðlilegt er á svæðinu.

Kraftur í hendinni er góður og hreyfingar í fingrum og úlnlið eðlilegar. Engin rýrnun merkjanleg.

Ályktun: Um er að ræða missi vísifingurs hægri hendar í sambandi við bíláverka.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

- | | |
|-----------------------------------------------|------------|
| Fyrir $\frac{1}{2}$ mánuð fyrst eftir slysið | 85% örorka |
| Fyrir $\frac{1}{2}$ mánuð þar á eftir | 50% örorka |
| Úr því 15% varanleg örorka“. | |

Stefnandi er talinn fæddur 12. júní 1908. Hefur hann því verið 46 ára að aldri, er hann varð fyrir slysi því, sem um ræðir. Eigi

liggja fyrir upplýsingar í málinu um það, hvort stefnandi sé kvæntur eða hafi börn á framfæri sínu.

Stefnandi mun hafa stundað kennslustörf mikinn hluta ársins og unnið jafnframt eitthvað að heyskap á sumrum. Hann hefur ekki talið fram til skatts, en samkvæmt upplýsingum hans sjálfs voru „nettó“atvinnutekjur hans næstu árin fyrir slysið þessar: Árið 1952 kr. 31.701.15; árið 1953 kr. 29.028.55; árið 1954 (frá hausti til ársloka) kr. 11.344.25 og frá ársbyrjun 1955 til slysdags kr. 20.000.00. Með „nettó“tekjum kveðst stefnandi eiga við tekjur að frádregnum sköttum og útsvari.

Hinn 7. október 1956 gerði Guðjón Hansen tryggingafræðingur áætlun um atvinnutjón stefnanda miðað við slysdag og framan- greinda örorku. Kveðst tryggingafræðingurinn hafa fengið þær upplýsingar á skrifstofu ríkisspítalanna, þannig að stefnandi hafi haft hámarks-laun barnakennara kennsluárið 1954—1955, en lágmarks-laun þeirrar stéttar fyrir þann tíma. Kennslutími hafi verið 6—8 mánuðir á ári síðustu 3 árin fyrir slysið, en laun greidd hlutfallslega þannig, að svaraði til 12 mánaða launa fyrir 9 mánaða kennslu. Leggur tryggingafræðingurinn hámarksárs-laun barnakennara til grundvallar útreikningi sínum, en gerir hins vegar ekki ráð fyrir aukatekjum yfir sumarmánuðina. Með þessu móti reiknast honum verðmæti atvinnutjónsins nema alls kr. 101.703.00, en það er sú fjárhæð, sem krafizt er undir þessum lið.

Önnur atriði í reikningsgrundvellingum en að framan eru talin eru 6% ársvextir og líkur fyrir langlífi samkvæmt reynslu fyrir íslenska karlmenn á árunum 1941—1950. Eigi er tekið tillit til lífeyrisréttinda barnakennara, en gert ráð fyrir starfi, svo lengi sem starfsorka endist.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, ásamt öðru því, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 85.000.00.

Um 2.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um meiðsli stefnanda, og þegar þess er gætt jafnframt, hver lýti hann ber eftir slysið, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 15.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 33.333.33 ($\frac{1}{3}$ af kr. 85.000.00 + $\frac{1}{3}$ af kr. 15.000.00) auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða

stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00. Ber skipuðum talsmanni stefnanda, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 3.800.00 af þeirri fjárhæð í málflytningu.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Magnússon Blöndal, greiði stefnanda, Símoni Sigmundssyni, kr. 33.333.33 auk 6% ársvaxta frá 21. maí 1955 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnað. Ber skipuðum talsmanni stefnanda, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 3.800.00 af málskostnaðinum í málflytningu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. marz 1958.

Nr. 163/1957. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og

Byggingarfélagið Þór h/f

gegn

Benedikt Sveinssyni

og gagnsök

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1957, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október s. á. Þeir krefjast þess, að dæmdar skaðabætur og málskostnaður í héraði verði fært niður og að aðiljum verði dæmt hverjum að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. október